

**Viðmið um doktorsnám (Ph.D.)
við lagadeild Háskólans í Reykjavík**

Maí 2014

Ph.D. (Stig 3)

Við lok doktorsprófs í lögfræði (Ph.D.) skal eftirfarandi viðmiðum náð til viðbótar þeim viðmiðum sem náð var á fyrri stigum:

Þekking

Við útskrift býr nemandi yfir sérfræðiþekkingu á sviði lögfræði.

Í því felst að nemandi

- býr yfir yfirgripsmiklum og ítarlegum skilningi á helstu kenningum, grundvallaratriðum, hugtökum og nýjustu þekkingu sem völ er á innan lögfræði;
- hafi haft frumkvæði að sköpun nýrrar þekkingar og túlkun hennar með rannsóknum eða annarri viðurkenndri fræðimennsku sem stenst skoðun og rýni fræðimanna;
- hafi lagt til mikilvægar nýjungar í formi nýrrar þekkingar, frumlegrar nýtingar eða túlkunar á þeirri þekkingu sem fyrir er;
- sýni að hann hafi þekkingu á siðfræði vísinda og hafi tekið íhugaða afstöðu til eigin rannsókna og annarra út frá eigin siðviti;
- býr yfir umtalsverðri sérþekkingu á tilteknu undirsviði lögfræðinnar, sem hann hefur aflað sér með eigin rannsóknum;
- hefur nemi faglegar og aðferðafræðilegar forsendur til að takast á við ný og flókin verkefni innan lögfræðinnar að teknu tilliti til réttarheimilda, krafna um vísindaleg vinnubrögð, siðferðilegra gilda og samfélagslegra áhrifa;
- er nemandi ljóst að fræðigreinin og rannsóknir hans á henni hafa siðferðilega og samfélagslega skírskotun;
 - hefur nemandinn skilning á því að honum ber að hafa siðferðilegar grundvallarreglur í heiðri í öllum störfum sínum;
 - hefur nemandinn skilning á samfélagslegum áhrifum fræðigreinarinnar og mismunandi lausna álitafna og ábyrgð sinni að því er snertir rannsóknir sínar og störf;
 - hefur nemandinn skilning og þekkingu á samspili og samþættingu lögfræði og annarra fræðigreina.

Leikni

Við útskrift getur nemandi beitt sérhæfðum aðferðum og verklagi á sérsviði fræðigreinar.

Í því felst að nemandi:

- geti skipulagt og framkvæmt viðamiklar rannsóknir sem útvíkka og/eða endurskilgreina gildandi aðferðafræði lögfræðinnar;
- geti kannað eða þróað verkefni sem taka á nýjum vandamálum og viðfangsefnum lögfræðinnar;
- hafi á hraðbergi grundvallarfærni, tækni, aðferðir, efni og heimildir sem tengjast lögfræði;
- geti beitt gagnrýnni greiningu, mati og samþættingu við ný og flókin verkefni;
- geti hagnýtt almenn og sérhæfð tæki til rannsókna og rannsóknartækni;
- geti notað hugbúnað til að styðja við og bæta starf í viðkomandi fræðigreini;
- geti metið tölulegar og myndrænar upplýsingar á gagnrýnni hátt;
- hafi beitt nýstárlegum rannsóknum eða þróað vinnuaðferðir sem bæta við eða víkka út gildandi þekkingarsvið lögfræðinnar;
- sýni frumleika í þróun og hagnýtingu nýrrar þekkingar, skilnings og aðferða;
- hafi tileinkað sér gagnrýna afstöðu til þekkingar;
- hafi kynnt fræðiritgerð sem er birtingarhæf í ritrýndri útgáfu innanlands eða á alþjóðavettvangi;

- hefur verulega reynslu af beitingu lögfræðilegrar aðferðafræði þannig að hann getur leyst úr flóknum faglegum og aðferðafræðilegum álitaefnum;
- nýtt sér þekkingu sína á siðfræði og siðfræði vísinda sérstaklega við afmörkun, skipulagningu og kynningu verkefna og niðurstaðna.

Hæfni

Við útskrift geti nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi.

Í því felst að nemandi:

- geti tekið fulla ábyrgð á eigin verkefnum og á vinnu annarra;
- geti sýnt sjálfstæði og frumkvæði í faglegri og fræðilegri vinnu;
- geti á árangursríkan hátt sagt jafningjum, öðrum fræðimönnum og almenningi frá sérfræðisviði sínu;
- geti tekið þátt í gagnrýnum samræðum, átt frumkvæði að og leitt fræðileg samskipti;
- geti eflt nýsköpunar- og frumkvöðlastarf á fræðasviðinu.